

HEIMIR

I. ÁR.

WINNIPEG, DESEMBER 1904.

Nr. 8.-9.

Gleðileg jól!



ÞÁ eru enn komin gleðileg jól! — Árið lædist og deyr, dagarnir koma og fara, maunsæfin byrjar og þver, en hverju ári fylgja þó jól. Þau eru eins og hvíldarstaður eftir langa dagleið á tímans strönd og hversu, feginsamlega þiggja ekki margir þá hvíld. Hversu gott er það ekki hjá oss í mannheimum, að vér skulum eiga þvílíka daga, er boða „frið á jörð“, þvílíkan hvíldarstað.

Yfir árið ber svo undur margt til tíðinda, oss hleðst svo mikið í skaut af ýmsu, er hryggir eða kætir. Þroski vor er ekki stór. Á heilu ári ber oss annaðhvort áfram eða til baka. Og á árinu — sem leið — eru margir viðskilnaðir, sumir sem gleymast aldrei, bætast aldrei, þó gæfan blessi oss með báðum höndum, og greiði fyrir sól um mörg ókomin ár. — Það eru máské eins margir, er skiftast á árnaðaróskum nú og þá, — en það eru líka enn fleiri reyrstráin, er stynja í aftanblænum úti á hjarninu. — — — En þar er friður á jörð!

Friður á jörð — einnig til vor! Þú tungl, þér stjörnur og þú fagrahvel — boðið frið á jörð! Færið oss friðhelg jól, yfir allan heim, til hugardapurra og hryggra manna, ríkra og snauðra hárra og lágra.

Færum friðhelg jól að hverju húsi, er oss ber, yfir land vort og þjóð, yfir hús vor og heima. —

Stjarnan mín.

Ei Betlehems stjarna er stjarnan mín,
 en stjarna' ertu eins fyrir það.
 Sem friðurinn geisli þinn frá þér skín,
 úr fjarlægð hann berst og kemur til mín
 í einveru' á afvikinn stað.

Mig dreymir ei brosið á kafrjóðri kinn
 né kraftinn í rjúkandi skál.
 Þú dregur birtu' yfir drauminn minn,
 svo dreymi mig, stjarnan mín, geislann þinn
 og ljósið í lífsins sál.

Mig dreymir ei báru, sem brotnar við strönd,
 né brimgnúin flök af súð;
 mig dreymir um himinsins heiðríkjulönd
 og hvíta lognið með sólskins bönd,
 sem glóa við góðviðris skruð.

Mig dreymir ei sálirnar settar í ís
 á sorga og úlfúðar land,
 mig dreymir ei um það, að dauðinn sé vís;
 mig dreymir um vonanna paradís
 og andanna bræðraband.

Þá bróðurlund munnfylli' er meira verð,
 og maganum vitið og sál,
 já, þá verður gaman að fara þá ferð,
 sem fyrir svo löngu var hugsjónum gerð,
 og þá verða mannfagnaðs mál.

KRISTINN STEFÁNSSON.

Ánægjuleg jólanótt.

SMÁSAGA EFTIR

SOPHUS SCHANDORPH.

I.

Gamli múrarinn sat tvívega yfir kyrkjumænirinn og var að leggja á hann nýja þaksteina í stað þeirra, er brotnir voru. Vikakarlinn hans stóð fyrir neðan vegginn. Þegar karlinn uppi á þakinu gaf honum bendingu, klifraði hann upp stigann og rétti honum stein. Þannig hafði verkið gengið upp aftur og aftur frá því um aðfangadagsmorguninn og þangað til farið var að rökkva. Rigningarhlákuveður var og þokuslæðingur. Stígarnir í kyrkjugarðinum voru rennblautir, vatnið seig hægt niður eftir fitugljáandi trjábólunum, en greinarnar stóðu grafkyrrar og grásvartar út í blýgrátt loftið.

Múrarinn var aldurniginn, hár og stórbeinóttur, með ljósleita skinnhúfu á höfðinu, snjóhvítu fyrir hærum, skarpleitur, og andlitið ofurlíði borið af nefinu, sem var afarbreitt að neðan en rann fram í háan og hvassan brodd. Þótt hann væri fæddur í smákauptúni spölkorn frá sveitaþorpinu og danskan hans bæri dálítið sjálenzkan keim, hét hann samt Kosciuzko. Um ætt sína vissi hann ekkert. Hann var vita heyrnarlaus.

Vikakarlinn var lítill, kryppuaxinn og holdgrannur, skroppinn upp í hrygg, mjófættur, rauður á hár og lítið eitt hærður, andlitið liðugt eins og togleður, brukkótt eins og fúíð epli; hann var tannlaus og munnviður, og sýndist allt af hlæja. Þess vegna var hann kallaður Glott-Jens.

Steinarnir voru nú allir búnir, og hann reyndi að gjöra það múrarinum skiljanlegt með því að hrista höfuðið við bendingum hans. En múrarinn kinkaði kolli út í loftið, en leit ekki á Jens. Þegar enginn steinninn kom, gaf hann aðra, þriðju og fjórðu bendinguna með þeirri einstökustu þolinmæði. Við þriðju bendinguna hrópaði Jens svo hátt, að röddin sprakk: „Steinarnir eru búnir!“— Í fjórðu atrenninni sagði múrarinn fjarska rólega: — „Réttu mér stein, Jens.“ — „Steinarnir eru búnir!“— „Réttu mér stein, Jens.“ Jens öskraði af öllum lífs og sálar kröftum: „Stein-

arnir eru búnir. En til hvers skollans er að tala við þig, Kosvizk því þú ert sljór og getur ekkert heyrt."

Að lokum sneri gamli múrarinn nefbroddinum í áttina þangað sem Jens var. — „Nu-ú“, sagði hann, „já, já, já,“ tók saman verkfærin og staulaðist niður stigann og inn í bakklefann, klæddi sig þar í lafasíðan bláan frakka, stakk svuntunni og skinnhúfunni í bakvasann, skifti á drögunum og leðurskóm, setti upp á sköllótt höfuðið afarstóran kelliháan gamlan pípuhatt, sem bar þess menjar að hafa einhvern tína verið silkidreginn, gekk síðan rակleitt út úr sáluhlíðinu með frakkalöfin flaksandi um hvítu léreftsbuxurnar.

Þegar Jens var tilbúinn, skálmaði hann af stað og náði á hlið við Kosciuzko á þjóðveginum skammt frá kyrkjugarðinum, þar sem vatnið gægðist letilega upp úr hjólsporunum í rökkrunu. „Hvar ætlarðu að eta jólamatinn, Kosvizk?“ grenjaði Jens inn í eyrun á honum. — „Það veit eg svei mér ekki“, nöldraði múrarinn, „hvar ætlar þú að eta jólamatinn, Jens?“ — „Það veit eg heldur ekki.“ — „Já, svona gengur það til í lífinu, Jens.“ — „Já, fjandinn hafi mig, ef það er ekki, Kosvizk. Það er þó orð og að sönnu.“ — „Átt þú nokkuð í jólamatinn, Jens?“ — „Nei, en eg fer inn til smásalans og spyr hann hvað klukkan sé, og þá gefur hann mér áreiðanlega einn hjartastyrkjandi, og fáeinar sveskjur og rúsínur að auk.“ Jens hló að fyndninni úr sér, svo munnvikin færðust alveg út að rauðu og þykku eyrnasneplunum. — „Hva?“ sagði Kosciuzko. Málsgreinin var of löng hjá Jens til þess, að hann gæti náð henni, og Jens uppgafst að gjöra hana heyranglega. Svo hrópaði hann aftur: „Ætlar þú til bæjarins? — „Já, en ætlar þú heim? — „Já, það gjöri eg víst á endanum.“ — „Þú getur fylgt mér dálítið á leið.“ — „Það get eg reyndar . . . þarna kemur líka hún Epla-Síza.“ — „Hva?“ — „Þarna kemur líka hún Epla-Síza.“ — „Já, það er reyndar hún.“ —

„Góðan daginn, Síza!“ sögðu þeir báðir í einu við stutta og digra kerlingu, er kom vagandi í forinni með stóra kórflu á handleggnum. Hún hélt sér uppi á því að selja hveitibrauð og ávexti. „Góðan dag“, svaraði hún; „það er ljóta ótuktar færið núna. Komið þið frá vinnunni á kyrkjunni?“ — „Já,“ sagði Jens. „En það er til lítills fyrir þig að tala við Kosvizk, því hann er sljór og

heyrir ekkert.“— „Nei, það gjörir hann ekki. Það er sorglegt með hann jafn gamlan yngismanninn. Hvert ætlar slíkur vesalíngur nú að fara á öðru eins háheilögu kvöldi og nú er?“ — „Þetta lízt mér nú ekki á, þú hefir þá meðaumkun með honum; því eg er nú heldur ekki nær því að giftast, Síza, nema þá að við færum að slá reitum okkar saman.“ — „Bull og þvaður! Þú bjargar þér víst, eins vel og þú getur talað máli þínu. Öðru máli er að gegna með þetta heyrnarlausu gamla skinn, er drottinn hefir straffað svona þunglega, án þess að hann geti að því gjört— því gamli Kosvísk er þó sannarlega ekki nærri eins vitlaus í brennivín, eins og þú, Jens.“ — „Þú ert nú heldur ekki svo hrædd við brennivín, jafnvel þó þú sért í pilsum.“ — „Hefir þú nokkurn tíma séð mig fulla? Það er mikill munur á að vera eins og svín eða gjöra sig merkilega út af dropanum.“

„Vertu sæl, Síza! gleðilega hátíð!“ — „Þakk, í sama máta, gleðilega hátíð, Kosvísk!“ Múrarinn, sem hafði staðið dottandi og hengt augnalokin út í loftið, ypti nú hattbarðinu. — Vegir þeirra skildu. Kosciuzko ætlaði til kaupsins, Jens til skraddarans, er hann bjó hjá í sveitapörpinu, og Síza til húsmennskufólksins út með veginum, sem hún hafði stofu hjá. En allt í einu hrópar Síza: „Hæ! . . Stanzið þið dálítið!“ — Múrarinn hélt áfram. Síza elti hann, þreif í öxlina á honum og grenjaði, eins og hún hafði róm til: „Það er nú það sama! Ef þið leggið til brennivín, þá skal eg leggja til brauð og eitthvað til að naga með því. Því þó ekkert okkar sé gift, þá erum við þó svo gömul, að enginn finnur upp á að gjöra veður út af því, þó þið etið jólamatinn heima hjá mér. Höfðuð þið ekki brennivínsflöskuna fulla, þegar þið fóruð til vinnunnar? Það er þó líklega dálítið tár eftir enn?“ — „Nei, við höfðum að eins svolítinn sopa, og hann er nú alveg farinn,“ sagði Jens glottandi, tók þriggja pela flösku upp úr treyjuvasa sínum og hristi hana, svo að hún gæti heyrt, að ekkert gutlaði í henni. „Þá verður þú að skreppa út í búðina og kaupa dálítið af öli og brennivíni. Á meðan skal eg matreiða.“

II.

Epla-Síza hafði lagt sig fram. Angandi steikara og matar lykt lagði að vitum múrarans og vikakarlsins. Þurka var í stað dúks á litla borðinu milli glugganna. Rúm og fjórir stólar voru þar inni, og þá eru talin húsgögnin. Þrjár steiktar síldar reyktar, þrjár flögur af steiktu fleski og drjúgur skammtur af hveitigraut í rauðri leirskál sendu gufustróka út um stofuna. Tvö tólgarkerti loguðu þar, annað stutt í háum stjaka, hitt langt í lágum stjaka. Síza hafði skreytt stofuna með tígllum af ýmiskonar veggfóðri svo kalkveggirnir voru allir röndóttir og skjöldóttir.

Hér er fínt, Kosvizk," sagði Glott-Jens. — „Þetta er sannheilagt kvöld“, sagði Kosciuzko, sem ekkert grunaði, hvað Jens sagði. Hann spennti greipar hátsfðlega. Síza bauð þeim til sætis. Þau átu steinþegjandi. Jens dróg brennivínsflösku en múrarinn öflösku upp úr vösum sínum og buðu Sízu að bragða á, en hún sagði; „Nei, á svona háheilagri nóttu haga menn sér kurteislega,“ tók síðan staup og ölglas, — það eina er hún átti, — út úr hengiskáp, og svo gengu glösin í kring.

Þarna gat að líta þrjú gömul hrukkótt andlit, í daufri ljósglætunni, önnum kafinn með hálf tannlausum kjálkum, annað slagið deplandi augunum hvert framan í annað; Jens allt af glottandi, Kosciuzko sífelt með djúpri alvöru, Síza hvorki þetta né hitt, en með blíðri ró yfir snjóhvítum hárunum undir húfunni og kringum hinn kyláta litla munn. Þegar matvörurnar voru etnar til agna, og þau voru búin að hýsa þó nokkurn hluta af drykkjarvörunum, sátu þau og horfðu hvert framan í annað. Svo segir Síza við Kosciuzko: „Það er merkilegt, að þú skuli geta verið að slíta þér í þessu, Kosvizk.“ — „Það er barnalegt af þér, Síza, að vera að tala við hann, því Kosvizk er sljór eins og þú veizt, og getur ekkert heyrt,“ sagði Jens.

Svo varð allt þögult aftur. Þreytan fór að gjöra vart við sig hjá þessum slitnu, gömlu ræflum, og brátt tók þau að syfja. Þau geispuðu ófeimin hvert í kapp við annað svo glumdi í þeim. Fyrst hraut múrarinn, svo vikakarlinn. Síza sat um stund og horfði á þá, steinsofnaði svo líka, vaknaði við að hún kinkaði kalli, hugsaði sig dálítið um, fór síðan að háttu, slökkti annað

ljósið og fór upp í rúmið, og þaðan blönduðust hrotur hennar saman við svefnlæti hinna. Allt í einu vaknaði Kosciuzko og leit í kringum sig. „Jens,“ hrópaði hann, „hvar er Síza?“— Glott-Jens vaknaði, leit líka í kringum sig. „Já, þar sagðir þú svei mér satt orð, því hvar í þremlinum er Síza? Jú, hún liggur þá þarna í rúminu, gamli kassinn. En það er ekki til neins, að tala við þig, Kosvizk, því þú ert sljór, og getur ekkert heyrt.“— Hann benti á rúmið og sagði: „Það er synd að vekja hana.“— Hann gaf gamla félag sínum bendingu um, að þeir skyldi fara. Glott-Jens slökkti ljósið, og svo læddust gestirnir gætilega út í regn og rok vetrarnæturinnar.

„Það var dæmalaust skemmtilegt kvöld, Jens“, sagði Kosciuzko.—„Já, það er langt síðan að eg hefi lifað eins ánægjulega jólanótt,“ sagði Jens. „En það er ekki til neins að tala við þig, því... já, já, góða nótt og gleðilega hátíð, Kosvizk.“—

Gömlu félagarnir fóru sinn í hvora áttina út í myrkrið, — múrarnir til kaupþúsins, vikakarlinn í áttina til þorpsins.

Lausleg þýðing eftir Viðar.



Vilrúnar

KVEÐIÐ UNDIR HJÓNAVÍGSLURÆÐU PRESTIS

Hvað eru heillaóskir?
 Hvað fagurmæli?—
 Orð til einkis töluð,
 ef ei hugur
 og hjarta fylgir
 máli þess, er mælir.

Betri eru brigðir

um breyzkar athafnir
 runnar af heilum huga,
 en fagurmæli
 fláráðrar hyggju;
 þau eru lýðum last.

Eru falsarans
 fagurmæli
 glíkust Gúsís örvum:
 Sjálegt er skaft
 og silfri vafið,
 en oddur eitri hertur.

Gott er vinalof,
 vætki stungið
 fals eiturflaugum.
 En seld vilorð,
 vegin af náhröfnum,
 þrátt eru feiknstöfum þrungin.


Því vilkat, bróðir,
 þig né menglöðu
 ljóðstöfum lofa.
 En hlýjar óskir
 ykkur á braut fylgja,
 sagðar heima og í hljóði.

Viðar.



Dr. William Ellery Channing.

William Ellery Channing D. D., mannvinurinn mikli og fræðimaðurinn, er fæddur árið 1780 í Ný-Englandi í Bandaríkjunum í þann tíma, er frelsisstríðið stóð sem hæst. Þá ríkti andi frelsis og framfara í landinu meðal hinna dreifðu nýlendumanna, og hlaut það að hafa sterk áhrif á alla hina yngri kynslóð, er þá var að vaxa upp. Frelsisorðin voru meira en mælg-



WILLIAM ELLERY CHANNING, D. D.

in tóm, þegar það kostaði oft að tíðum bæði líf og eignir að taka sér þau orð í munn.

Enda kom það í ljós meðal þeirrar kynslóðar, að stríðið hafði djúp og langvarandi áhrif á hana fram yfir það, sem það og gjörði breytingu á ytri höguni manna í efnalega og stjórnarfarslega átt.

Þjóð, sem hafði verið fótum troðin af erlendu konungsvaldi, og varla þorð að verja sín sérstöku réttindi gagnvart erindsrekum

einveldisins, var nú risin á fætur, og bardist fyrir tilveru sinni með þeirri ákefð, er heimurinn hafði aldrei fyr litið.

Heima í Evrópu höfðu heimspekingar og hagfræðingar fundið ýmsa agnúa á fyrirkomulagi landa og þjóða. Þeir höfðu bent á hin sérstöku réttindi mannsins, er aldrei verða frá honum tek-

in með nokkurri löggjöf, hversu öfug sem hún kann að vera, nema því að eins að náttúrulegumálinu sjálfu verði hrundið. Þeir sýndu fram á, hversu þessi réttindi voru fótum troðin, og hvaða lagfæringu menn ættu fulla heimtingu á.

En það var að eins heimspekingum, er leiðst að tala þannig, og almúgamaðurinn hvorki þorði að hugsa né hugsaði svo hátt. Að guð hefði skapað alla menn jafna, var að eins fögur hugsjón. Þar við sat. Því ef svo hefði verið, hvað varð þá úr aðalsstéttinni og konungaættunum, er komnar voru frá guðunum?

Það var fyrst, er nýlendubúar á vesturströnd Atlantshafsins fóru að hafa njósnir af þessum nýju frelsis orðum, að þau urðu meira en hugsjónir. Það var enginn betur fær um að meta þau en einmitt þeir. Þeir komu að óbyggðu landi. Þeir höfðu myndað þjóð, og þótt misjafnt væri skift verkum meðal einstaklinga þeirrar þjóðar, þá höfðu þó allir byrjað líkt, haft við svipuð kjör að búa, verið sama eðlis og af sama berginu brotnir. — Stéttaskipunin, verkaskiftingin — hvorttveggja var til orðið fyrir fólksins náð, eins og öll stéttaskipun hefir ætíð í fyrstu til orðið. Í einu orði sagt, það var svo skammt liðið frá landnámstíð, að þeir gátu hæglega horft til baka og séð á því, hvernig þjóðirnar verða til, að það er að eins aldurinn og tímalengdin, er helgar það, sem kemst í hefð og tízku — í fyrstu vegna nauðsynlegrar verkaskiftingar — en ekki nein órjúfandi lög. Hold og blóð er ætíð það sama, hvað öðru líkt, og að eins hold og blóð.

Þessar skoðanir áttu því fyrst gengi meðal þeirra. Og þær voru gjörðar að meiru en skoðunum, þær voru gjörðar að virkilegum og áþreifanlegum sannleika.

Bandaríkjamenn opinberuðu heiminum fyrstir þann sannleika, að allir menn væri jafningjar í því, að þeir ætti allir sama rétt til lífs og líma, að enginn þjóðhöfðingi, hversu völdugur sem hann væri, væri „konungur fyrir guðs náð“, heldur væri veldi hans og ríkdómur tilbúinn af mönnum, og þann sem mennirnir hefði upphafið, þann gæti þeir og lítillækkað, strax og hann notaði vald sitt til þess að aftra velmegun lands og þjóðar.

Það er sagt, að Grikkland hafi fyrst opinberað heiminum listina, Róm lögspekina, og á sama hátt mætti segja, að Banda-

ríkin hafi fyrst opinberað heiminum mannréttindin. Með friðarsamningi þeim, er batt enda á Frelsisstríðið árið 1783, eru mannréttindin viðurkennd í heiminum sem virkilegur sannleikur, og þaðan í frá hefir konungsvaldi hnignað að sama skapi.

Á þeim árum, er þetta gjörðist, fæddist Dr. Channing. Fyrir starf það, er hann leysti af hendi, var tímabilið það ákjósanlegasta. Það voru alvöru tímar, og þá voru hugsandi menn. Ný þjóð var að fæðast í heiminn, og með henni komu nýjar hugsjónir, nýtt tímabil.

Því er haldið fram, að viss tímabil sé nokkurs konar hlaup-ár í framþróunar og siðmenningar áttina. Ýmis konar þekking, er aldirnar hafa verið að safra og leiða menn að, kemur þá allt í einu í ljós. Sannleikur, er lengi hefir verið í þöku, birtist mönnum þá sem bjartur dagur; afstaða mannheima er orðin sú, að hann hlýtur þá að koma. Og þessi tímabil framleiða ætíð mikla og göfuga menn, er verða talsmenn þessara nýju hugsjóna, og kenna samtíð sinni þessi nýju fagnaðarerindi. Þannig þykjast menn finna eitt þetta tímabil um það leyti, er allur hinn forni heimur var sameinaður í eitt stórveldi, og vort tímabil hefst. Þá rísa upp tveir menn austur í heimi og hrópa með almættisrödd til manna og segja: „Takið sinnaskiftum, guðsríki er í námd.“ Það eru gleðidagar framundan, allt ranglæti á að hverfa burt. Mönnum græðist von. Og vonin er lífsins verndar-engill, er bætir upp fyrir allan sársauka og brígð, er menn líða, skapar þeim nýjan þrótt, er ervidi og þunga eru hlaðnir, svo þeir þreytast ekki að sækja fram — að vona. Jesús, timbur-smiðurinn frá Nazareth, gaf mönnum von, og ástæðu til þess að vona góðs, ei allir væri börn hins sama föður, er sjálfur væri kærleikurinn. Faríseinn frá Tarsus, Páll lærisveinn hans, flutti vonarorðin út um allan heim, og kenndi öllum þjóðum og skírði þær “í nafni föðursins, sonarins og anda heilags”.

Tíminn leið, menn vonuðu og lærðu margt á þann hátt, er opinberaðist þeim um hin næstu tímamót.

Það gamla leið undir lok, og ný þjóð kom og sigraði heiminn — hin þýzk-rómverska þjóð — og aftur ríkti annar keisari. — Þá braust fram úr ládeyðu þögninni önnur hrópandi rödd, er hét á menn að hafa trú. „Réttlætning af trú“ hrópaði bóndasonur-

inn frá Eisleben yfir heiminn, og félagsbróðir hans útlagði það fyrir mönnum; ritningarnar voru þýddar á ný. Ný tungumál risu og boðuðin hina nýju trú, nýjar bókmenntir, nýtt tímabil, og lærisveinarnir fóru enn út um allan heim og skírðu „í nafni föðursins, sonarins og anda heilags“—en „trúin“ hét Lútherska.

Menn trúðu. En reynslan safnaði til nýs tímabils. Heimurinn var ekki nema hálfur enn, en hinn helmingurinn fannst. Menn yfirgáfu sína fornu guðastæði og fluttu í fjarlægán heim. Nýjar þjóðir mynduðust með alla þá auðlegð reynslu og þekkingar, er móðurþjóðirnar höfðu eignast. Hér var trú ekki einhlít, von ekki nægileg. En öll þau skilyrði, er nýr heimur getur veitt, að öllum gæti vegnað vel, voru fyrir hendi. Það dróg til sundrungar milli þess nýja og þess gamla. Það vantaði að eins eitt, og það var kærleikurinn.

En þetta nýja tímabil kallaði fram úr djúpi mannfélagsins mann, er talsmaður yrði þess nýja guðspjalls, nýlendusoninn William Ellery Channing. Hann kallaði kærleika yfir heiminn, og sá sem nú útskýrði það, þýddi ritningarnar nýju —náttúruna og lífið— var Charles Darwin. Heimurinn er EINN, uppruni alls lífs, allrar tilverunnar er einn, og eini einingarsáttmálinn er kærleikurinn.

Um þessi þrjú hlaupár framþróunarinnar —von, trú, kærleik— er það sem siðmenningarkenningum vorum hefir skilað á fram. Og merkisberar einkunnarorðanna voru Kristur, Lúther og Channing. En á undan Kristi var Sókrates, á undan Lúther Huss og á undan Channing Kant með kenningu sína um „viljann til hins góða.“ Án fyrirrennaranna og þeirra, sem á eftir komu —merkisberanna sjálfra,— hefði öldin orðið önnur.

Og lærisveinar þessarar nýju kenningar eru þegar komnir út um allan heim, og kenna öllum þjóðum og skíra þær „í nafni föðursins, sonanna og anda heilags.“— föðursins: þess lífs og frjófgunarkrafts, er í alheiminum býr,— sonanna: þess starfandi mannlega lífs og— anda heilags: þess sanna, fagra og góða, einingar og friðar anda, er allt blessar.

Að fráskildu lífsstarfi Channings, er gekk í þágu frjálsra skoðana, er lítið hægt um hann að segja. Hann var talsmaður hinna nýju hugsjóna, og seinni tíminn hefir merkt hann sem

manninn, er fyrstur varð til þess, að gjöra þær að „lífi og sannleika.“

Þegar hann innritaðist við Harvard háskólann árið 1794, voru menn farnir að átta sig, hugsa upp aftur það er þeir höfðu sagt og gjört, því stríðið var nú afstaðið. Meðan á því stóð, hafði verið gengið all langt út frá hinum vanalegu kenningum kyrkjunnar. Það var prédikað á móti harðstjórn og einræði og það sem meira var, kenningum Kalvins um gjörspilling manneðlisins. Þetta leiddi af sér mikilvægar breytingar í trúarlærdóminum. Ef eðli mannsins var ekki gjörspillt, ef hann var fær um að stjórna sér sjálfur í veraldlegum málum, því þá ekki í andlegum? Ef réttlæti var til sem eilífur sannleikur í hinum ytri lífskjörum manna, hlaut það þá ekki einnig að vera til í hinum andlega heimi? Ef það var bindandi meðal manna, náði það þá ekki einnig til guðs og manna? En hversu átti þá hegningin eftir dauðann að skoðast? Var hún til orðin líkt hinum svívirðilegum kenningum um guðlegt einkaleyfi konungsins, á dögum þekkingarleysis og þrælsóttá? Eða var nokkurt réttlæti í henni falið? Fyrir stundar brot eilíf fordæming, saklausir líða fyrir seka.

Enn fremur— að hve miklu leyti var ritningin óskeikull leiðarvísir manna? Varði ekki ritningin konungsstjórnina, helgaði hún ekki þrælaverslunina, leyfði hún ekki líflát, voru ekki hin grimmu hegningarlög sakamanna út úr henni dregin— í einu orði sagt allt það, er frelsisstríðið og mannvínir þeirra tíma börðust á móti?

Þetta voru spursmálin, er lágu þá fyrir, og lögðu ýmsir til þeirra mála. John Adams, sá er varð forseti hins nýja lýðveldis þá um það leyti, hallaðist að hinum nýju kenningum ásamt Thomasi Pains og ótal fleirum. En afskifti þeirra voru fremur í þá átt, að til sundrunar drægi meðal flokkanna, er stóðu hver öðrum andvígir í þessum málum.

Í ríkismálunum voru nýlendumenn önnur kafnir að koma þeim í horf. En til þess þjóðin fengi fastari rætur, svo landslögin yrði ekki ónýtt, þurfti og að koma hinum andlegu málum þjóðarinnar í fastara horf. Og til þess lagði Channing fram

sína krafta. Árið 1798 afréð hann að leggja fyrir sig guðfræðisnám, og útskrifaðist hann vorið 1801 úr prestaskólanum.

Það fyrsta, sem þá lág fyrir, var að reyna að jafna sakir milli hinna tveggja andvígu flokka, svo þeir segðu sig ekki úr lögum hvorir við aðra.

Boston kyrkjurnar og yfir höfuð flestar Ný-Engl. kyrkjurnar höfðu færst yfir á hina nýrri skoðun, meðan á styrjöldinni stóð, en nú var vöknud hreyfing með það, að kippa öllu í hið forna horf aftur. Þegar farið var að rannsaka ágreining þann, sem inn var kominn, reyndist aðallega vera um eitt atriði að ræða— þrenningarkenninguna og, það sem henni fylgdi, friðþægingu fyrir krossdaufa Jesú.

Boston kyrkjurnar voru búnar að sleppa þeirri kenningu, og hið sama höfðu ótal fleiri kyrkjur gjört á Englandi. Þá lét og Harvard háskólinn til sín heyra, og fylgdi hann Unitörum að málum, en svo voru þeir nefndir, er öndverðir stóðu þrenningar átrúnaðinum.

Eftir margítrekaðar tilraunir, er til einskis komu, að fá komið á samvinnu milli beggja málsparta og tilslökun af hálfu þeirra, er báru velferð lands og þjóðar meir fyrir brjósti en metorð einstakra ofstækismanna, gjörðu þrenningarkyrkjurnar samtök sín á meðal að hrinda þeim öllum úr söfnuðunum, er ekki fengist til að játa öll hin fornu játningarrit, og flýtti það fyrir, að við guðfræðisdeild Harvardháskólans hafði verið settur kennari, er var unitarískra skoðana— Dr. Henry Wore. Þetta var árið 1805. En þetta sæti höfðu þrenningarmenn ætlað sér og þar með, að ná skólanum á sitt vald.

Af þessu leiddi, að kyrkjurnar fram og aftur um Bandaríkin féllu í ótal mola.

Nú byrjaði fyrir alvöru starf Channings. Hann vann með lipurð og gætni og útskýrði grundvallaratriði þau, er hin nýja guðfræði yrði að byggja á. Sameiginlegur skyldleiki allra manna og siðalögmál, er þessu væri samboðið. Smátt og smátt fór kenningin að snúast um þessi atriði í báðum hinum andstæðu kyrkjum. Og hver eftir sínu upplagi tók sér fyrir að breyta eftir boði meistarans „það sem þér viljið að mennirnir gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra“—Unitarar með því að breiða út af al-

effi þekkingu og frjálssa rannsókn, þrenningarmenn með því, að senda kristniboða út um heiminn.

Á þennan hátt vaknaði nýtt fjör og líf. Hver í sínu lagi kepptist við að verða hinum fyrri til. Þekking og vísindi blómguðu, og kyrkjan óx ár frá ári fyrir trúboðunaráhugann. Lengi vel voru þó þessar stefnur andvígur, og eru það enn, þótt þær í sannleika hefði vel getað farið saman.

En hinn kyrkjulegi framfaraflokkur varð ekki eyðilagður. Áhrif hans og Dr. Channings urðu æ víðtækari, unz að nú er svo komið, að flestar þær kenningar, er hann barðist fyrir, eru nú orðnar almennt viðurkenndar, og menn búnir að gleyma, hversu þær urðu til. Enda sjaldan að því spurt.

Bandarikja þjóðin hefir heiðrað minningu hans með því, að festa upp mynd hans í „The Hall of Fame“, er byggt var í Philadelphiu sem minnisvarði yfir þá, er mest höfðu unnið og afrekað þjóð sinni til heilla og blessunar. Og þjóðin hefir og mynd hans víðar. Í stjórnaðskrá landsins var aukið lagagrein, er afnemur um alla tíma alla mannsölu innan takmarka þess ríkis. Það var eitt af hans stærstu áhugamálum, þótt honum entist ekki aldur til að sjá það til lykta leitt.

Alla æfi átti Dr. Channing við langvarandi heilsuleysi að stríða, er smá ágerðist eftir því sem aldurinn færðist yfir hann. Hann var óhlífinn sjálfum sér. Eftir stutta sjúkdómslegu andaðist hann í Boston 2. okt. 1842, og yfir gröf hans stendur nú ein veglegasta myndastyttan, er sett hefir verið niður hér megin hafsins.

Flúrlist.

Átti ég eina
 æskuþrá hreina,
 sem leizt mér í lífinu' að reyna.
 Þeir nefndu' hana ÚTFLÚR og óþarfa list,
 sem ei gæfi peninga neina,


og bezt væri bernskunni' að leyna
 í dalnum. — Svo frumtekjan fyrsta var misst
 í faraldri hversdagslífs meina,
 sem moldartök mannlífi treina;
 unz færðu mig meinhyrndu atvikin yzt
 frá unaðsstöð listfengra sveina,
 — í deyfðarmók daglegra meina.
 En flúrlist mín týndist sem tignandi list.
 — Við tré eða dúk eða steina
 mér lízt hana' ei lengur að reyna. —
 Já, svo er þeim fátæka' ið fegursta misst,
 þá fjaðrir hann vantar, svo losist úr vist.
 — Í vinnumannsfötum má veina
 sú vorþráin eina!—

Gleypa gullskálar
 ginndjúpir álar,
 en örlögin æðstu þrá sálar. —
 Mig langaði' að mála' allan lifenda her
 og ljósskifti mannlegrar sálar, —
 en lífið, það lék mig á tálar;
 því bernskan í vonljósi brautirnar sér,
 sem bíða oss framundan hálar;
 — þá fjallvegi' hún fegursta málar. —
 En stríðheimur lífsins er stírfinn og þver, —
 oss stínga hans eitruðu nálar,
 er höndin við hlutina rjalar.
 Og breyting er allt. — Einnig burstinn minn er
 nú breyttur í orð, sem að málar
 úr ljósgeislum ljúflingsóð sálar. —
 En útflúrið bernskunnar andi minn sér
 í allskonar draumhilling, hvar sem eg fer.
 Það ljúfustu liljurnar málar
 á ljóðhimni sálar.

ÞORSTEINN Þ. ÞORSTEINSSON.

Theodore Parker.

Theodore Parker var fæddur 24. ágúst í Lexington í Massachusetts ríkinu árið 1818. Fæðingarbær hans er þorp eitt lítið skammt vestur af Boston, og er aðallega frægt fyrir að vera sá staður, sem frelssíð Bandaríkjanna hófst frá 1775.



THEODORE PARKER

Parker var kominn af einni elztu og kynsælustu ættinni þar í landi; langfaðir hans hafði slúzt þangað árið 1635. Þar bjuggu þeir Parker-arnir mann fram af manni, og áttu jafnan góðan þátt í öllum þeim málum, er nýlendumönnum stóð heill og hagar af. Margir höfðu þeir verið hermenn og nokkrir hershöfðingjar. Þannig voru tveir afbræður Parkers í franska stríðinu (1754—'63), er Englendingar og Frakkar háðu um yfirráð Canada. Og afi Parkers, Jón Parker, var sá, er stýrði bændaflokknum, er háði fyrstu orustuna í frelssíðinu; og eftir honum eru orðin höfð, er síðar urðu fræg, „Fyrst það á að kosta stríð, þá látum það byrja hér.“

Theodore Parker var yngstur ellefu systkina, hið elzta var 25 ára, er hann fæddist, og hið yngsta 5 vetra. Foreldrar hans voru mjög fátæk, og ólst hann upp hjá þeim, þar til hann var nærri fullorðinn. Sökum þess að hann var yngsta barnið og var svo lengi í heimahúsum, varð hann estirlæti þeirra; enda minntist hann þess oft á sínum seinni árum, hversu þau hefði verið sér ástrík og góð. Í ræðu, er hann flutti 1844, segir hann: „Þaðan eru mörgum manni hans beztu fræði komin, er hún, sem nú er gengin til hvíldar, lagði hendur sínar í höfuð honum og blessaði yfir hann og vakti hjá honum meðvitundina um guð, um réttlætið og samvizzkuna, og beindi huga hans til hæða.“ Móðir hans var mjög trúrík kona og samvizzkusöm. Hið púrítanska lyndiseinkenni var mjög sterkt hjá henni. Aftur á móti var faðir

hans af öðrum toga spunninn. Hermannshendin hafði ekki ætíð haft tíma til að signa sig, áður en til orustunnar var gengið.

Hann var mikill bókamáður, las allt, sem hann kom lögum yfir, einkum trúmálarit þeirra tíma. Hann var einkar frjálslýndur í skoðunum og mjög andstæður ýmsum kenningum, er þóttu sanngjarnar þá, eins og útskúfunarkenningunni, þrenningarlærdómnum og því, að kraftaverkasögur N. Testam. sönnuðu nokkuð til eða frá um sannleika kristindómsins. En einmitt um það atriði var þá hvað mest deilt meðal lærðra manna.

En þrátt fyrir þessar trúarskoðanir sínar hafði eldri Parker almenningsorð á sér fyrir hreinlyndi, ærlegheit og orðhældni, og vitsmunamaður þótti hann mikill. Þó má af öllu merkja, að Theodore hefir þótt vænna um móður sína. Enda var hún þýðari í lund og viðkvæmari fyrir öllu, er hann snerti, en faðir hans.

Sex ára byrjaði Parker að ganga í alþýðuskólann, en þegar hann var níu ára, gat hann að eins sinnt skóla að vetrinum til, því á sumrin varð hann að hjálpa til við vinnubrögðin heima. — Árið 1820 lauk hann við barnaskólann og byrjaði á latínu og grísku námi undir tilsögn Hr. Wm. White, er þá var stúdent við Harvard, en varð síðar prestur við Unitarakyrkju skammt frá Boston.

1826 var hann búinn að ljúka sér af við alþýðuskólana, og byrjaði þá sjálfur að kenna á barnaskólum þar í grenndinni. Í þann tíma, eins og svo ótal sinnum síðan, var það eina úrræðið og einu mögulegleikarnir að hafa saman nokkra dali fyrir framhaldandi skólakostnaði, fyrir þá er lítinn eða engan styrk gátu fengið að heiman. Kaupið var mjög lágt, að eins \$25 um mánuðinn, og af því varð hann að borga \$10 til vinnumanns, er hann varð að leggja til í sinn stað heima. Á afganginum varð hann að fæða sig og klæða, en þó dróg hann svo til muna, að hann gat keypt sér þær bækur, er hann þarfnadist.

Seint um sumarið 1830 fór hann einn morgunn fótgangandi inn til Cambridge á laun við föður sinn, gekk undir inntökupróf við háskólann og náði heim aftur næsta kvöld. Er heim kom, var heimilisfólk allt gengið til sængur. Hann sagði föður sínum tíföndin, og lét karl vel yfir, en sagði honum þó, að ekkert gæti hann hjálpað honum, og yrði hann þar fyrir sjálfur að sjá, hver

málalokin yrði. Parker svaraði því eina til, að hann hefði ekki ráðist í það, sem sér væri ekki fært.

Framan af vetrinum var hann heima, og las utan skóla, en um vorið fór hann alfarinn að heiman, varð aðstoðarkennari við privat skóla í Boston með \$15 kaupum um mánuðinn. En af því varð hann að borga þessa sömu \$10 heim til vinnumanns fyrir föður sinn. En heldur varð hann að leggja hart að sér, til að geta dregið fram lífið á því, sem afgangur var. Samt tókst það, og á hverju vori gekk hann upp við prófin, unz hann lauk við, og hafði þá lesið mest allt utan skóla, því bæði var það, að þótt hann væri að heita mátti fast við skólann, þá gat hann ekki verið við yfirheyrslur fyrir því, að hann gat ekki borgað kennslugjaldið, og svo hafði hann öðrum verkum að sinna. Enda, vorið sem hann útskrifaðist, fékk hann enga viðurkenningu fyrir því frá háskólaráðinu sem hinir aðrir piltar, er þá luku við, vegna þess að hann gat ekki borgað „degree“ gjaldið. Fjórir dalir brukku skammt fyrir mat og klæðnaði, þótt ekki bættist þar við fleira. Nokkrum árum seinna bauð háskólinn honum „degree“ ef hann borgaði einhverja snáþóknun fyrir, er var mikið minna, en kennslugjaldinu nam. En Parker svaraði því á þá leið, að hann hefði ekki getað fengið það, er það hefði getað komið sér að haldi, nú gæti hann komist af án þess, og varð því ekkert af kaupinu.

Um þetta leyti var reist ný kyrkja í Boston í því augnamiði að eyðileggja unitarískar skoðanir meðal fólksins, og var skipaður við hana sem prestur einn mesti málskörungurinn, er þrenningarmenn áttu í sínum hóp — Dr. Lyman Beecher. Kyrkjan nefndist „Park Street Church“, og stendur hún enn.*

Parker fór þangað nokkuð oft á skólaárum sínum, og kemst hann þannig að orði um Dr. Beecher: „Eg bar djúpa virðingu fyrir hæfileikum, áhuga og einbeittni þessa skörulega manns, er kenndi mér margt þarft og gott. En svo fór eg þaðan í hvert skifti, að eg hafði enga trú á guðfræði hans. Þess betur sem eg

*) Í uppnefni var hún kölluð „Brimestone corner“ af Harvard piltum. Þessi kyrkja var seld nú fyrir 2 árum verslunarfélagi einu. En Unitarar eiga allar sínar kyrkjur enn.

skildi hana, þess óeðlilegri, ósamkvæmnari og meira fráhrindandi virtist mér hún allri mannlegri sanngirni og viti."

Parker hneigðist nú mjög að frjálsslyndi í öllum eignum, og kom það brátt í ljós, er hann kom í guðfræðisskólann. Árið 1834 byrjaði hann þar nám, og innritaðist í annan bekk. Sambekkingar hans voru nokkrir, er síðar hafa orðið stórfrægir, svo sem Samuel P. Andrews, John S. Wright og Geo. E. Ellis, sagnaritarinn. Kennarar hans voru þeir Palfrey, And. Norton og Dr. Ware, — miklir fræðimenn og frumherjar hinnar „hærri kritíkar“ í amerísku skólunum.

Efasemdir ótal risu þegar strax í huga hans um gildi ýmissa skoðan, er þá voru í heiðri hafðar, líkt og „óskeikulleik kyrkjuféðranna“ o. sv. frv.

Í bréfi til vinar síns segir hann meðal annars um Jerome:— „hann unni álitinu sínu miklu meir en sannleikanum, og hefir verið í hæsta máta hjátrúarfullur“. Um Ágústínus segir hann:— „hann var orsök í fleiri villum meinlegum og ófgafullum innan kyrkjunnar en nokkur annar maður. Sumar kenningar hans ganga beint móti öllu viti og ærlegheitum. Eg er þreyttur í hug og hjarta á þessum endalausum langlokum þeirra. Og stærsta sönnunin um myrkur miðaldanna er átrúnaður sá og tilbeiðsla, er þessum lokleysingjum var sýnd.“

Vorið 1836 útskrifaðist hann frá prestaskólanum með bezta vitnisburði, og valdi hann sér þá fyrir umræðuefni í burtfarar-ræðu þeirri, er hann hélt, „sögu Gnostíkanna“ — vantrúarflokks innan kyrkjunnar á fyrstu öldum kristinnar.

Ár hans í Cambridge voru annrskistímar. Hann lagði fyrir sig tungumál auk þeirra námsgreina, er hann var skyldaður til að taka. Áður en þangað kom hafði hann komist allvel niður í þýzku, og grísku og latínu kunnir hann þá. En nú las hann hebresku, kaldeisku, arabísku og sýrlenzku. Auk þess lagði hann sig eftir Norðurlandamálunum og íslenzku. Og átti hann nokkrar íslenzkar bækur, er síðar hafa orðið eign almennu bókaflöðunnar í Boston.

Þá samsumars byrjaði hann að þýða hið fyrsta ritverk, er út kom eftir hann. Það var ein af þeim allra fyrstu „hærri kri-

tíkar“ bókum, þýskum, um gamla testamentið. (De Wette:— „Einleitung in d. alte Testam.“)

En þetta ár var viðburðaríkt ár í trúarbragðaheiminum enska. Þá voru rétt að byrja hinar miklu trúarbragðadeilur, er stóðu yfir í fjórðung aldar. R. Waldo Emerson er þá var prestur í Hannover Street Unitarakerkjuni í Boston sagði þá af sér vegna þess, að hann sagðist ekki geta með neinni samvizku tek- ið fólk til altaris, er þá var almennt gjört innan þeirrar kirkju, vegna þess hann tryði ekki á þá athöfn, og sig hryllti við hugs- uninni, er þar lægi til grundvallar. Parker var ekki seinn að fallast á þessar skoðanir Emersons, og kom honum það í koll þá sem ungum og óreyndum manni. Hann var hataður af þrenningarmönnum, og flokksbræður hans höfðu á honum stór- an óhug.

Brátt harðnaði rimman milli hans og þeirra, og vorið eftir, 1837 þegar Parker loks fékk köllun frá Roxbury söfnuðinum fyr- ir sunnan Boston, var komið í fullan fjandskap milli hans og margra í Unitara kirkjufélaginu. Þó voru það helzt hinir eldri prestar félagsins, er þótti hann of „radikal“. En um þetta leyti kvongaðist hann og segir þá í bréfi til viuar síns, að sér gjöri nú ekkert til, hvernig orþodoxían í Boston, trúitaríska eða unitar- íska, beri sig út. Nú eigi hann heimili og förunaut, sem bæti sér upp allan þann vinamissi, er hann geti beðið vegna skoðana sinna.

Það, sem Parker og Unitörum bar aðallega á milli, var það, að hann vildi ekki láta loka dyrunum fyrir neinum rannsóknum, hvert sem þær leiddi, því þeir hefði ekkert að óttast svo lengi, sem sannleikurinn væri ekki genginn á bug. En þeir stóðu líkt og nýja orþodoxían nú. Þeir vildu opna dyrnar til háls og ekki meira. Og það var eitt, er Dr. Channing barðist hvað mest á móti síðustu ár æfi sinnar, að Unitarískan yrði gjörð að orþo- doxíu „hálfu verri hinni fyrri, er þeir höfðu þegar yfirgefið.“

Deilan milli Parkers og Unitara presta stefnunnar stóð yfir mörg ár, en það fór þó svo, að hann kom út úr henni sigri hrós- andi. Það urðu allt af fleiri og fleiri, er litu eins á málin og hann. Það urðu brátt fleiri en „Emerson, Parker & Co.“ eins og þeir voru nefndir í háði af mótstöðuflokknum, er mótmæltu

íhaldsstefnunni, og nú í seinni tíð hefir verk þeirra fengið fulla viðurkenningu, eins og það átti skilið.

En áður en þeirri þrætu sleit, var annað stórmál hafið, er var mikið víðtækara þá í svip. Það var um þrælahaldið í Suðurríkjunum. Dr. Channing hafði alla reiðu skrifað um það mál árið sem hann lézt, og varð það til þess, að framfaraflokkurinn tók það upp á dagskrá sína.

Parker og Wm. Lloyd Garrison gjörðust nú forvígismenn þeirrar hreyfingar og urðu brátt illa þokkaðir fyrir vikið. En þeir létu það ekki fyrir brjósti brenna. Nú stóð deilan sem hæst og lagði Parker sig þá allan fram. Hann naut lítillar hvíldar, og samverkamenn hans gjörðu honum í mörgu ervitt fyrir. Þótt hann væri að eins rúmlega þrítugur fór nú heilsa hans að gefa sig, og árið '43 sagði hann upp söfnuði sínum og tók sér ferð á hendur til Evrópu.

Árið eftir kom hann til baka, og sótti þá fljótt í sama horfið. Nú var hann kyrkjulaus, og var þá tilraun gjörð til að svelta hann til hlýðni af þeim, er andstæðir voru honum í kyrkju og félagsmálum. En það tókst ekki, sem betur fór. 22. jan. 1845 höldu nokkrir menn fund með sér og gjörðu þá yfirlýsingu, að þeir skyldi sjá svo til, „að Parker fengi málfrelsi í Boston.“ — Þeir gengust fyrir því, að mynda nýjan söfnuð, og í febrúar það sama ár sendu þeir honum köllun. Þeim söfnuði þjónaði hann til dauðadags. Með þessu lauk allri kyrkjulegri mótspyrnu gagnvart honum. En þá var enn óunnið það mál, að þrælarnir fengi frelsi og sá blettur máður af Bandaríkja þjóðinni. En það lág honum nú þyngst á hjarta. Í næstu 10 ár vann hann uppihalds laust og stöðugt að því eina takmarki. Hann flutti ótal ræður um það og reit fjölda blaðagreina. En honum auðnaðist ekki að sjá þau málalok. Hin síðasta ræða hans mót þrælaverslun var flutt 4. júlí 1858 í Boston, rúmum tveimur árum áður en þrælastríðið hófst.

Heilsa hans var nú með öllu farin. Í næstliðin tvö ár fann hann til þreytu og lasleika, en hélt áfram verki. Á nýári '59 var hann þungt haldinn og komst ekki einu sinni í kyrkju. Söfnuður hans veitti honum nú árs leyfi, að hann færi í hlýrra loftslag sér til heilsubótar, en allt kom fyrir eitt. En þó lét hann tilleið-

ast af fortölum lækna að fara. Hann sigldi til Vestur-Indía 11. maí um vorið; þaðan fór hann eftir skamma dvöl til Lundúna og áfram til Rómaborgar. Þar var hann um veturinn. En sjúkdómur hans ágerðist meir og meir, og er voraði, vildi hann þaðan burt. „Eg vil ekki deyja hér“, sagði hann, „eg vil ekki bera beinin hér í þessari fyrirlitlegu mold. Eg vil til Florence, og þangað skal eg.“ Þvert á móti læknisráðum lagði hann af stað áleiðis þangað með farþegjavagni, er ók þar á milli. Hann var 5 daga á þessari ferð og svo veikur, að hann gat ekki setið uppi. Skömmu eftir að hann kom til Florence missti hann ráðið. — Honum fannst hann vera kominn til Boston, og talaði um það við konu sína, að hann vildi biðja Clarke (James Freman) að tala yfir sér. „Þeir koma fyrir mína skuld.“ — En þeir komu ekki. Það var breitt haf milli Boston og Florence.

Fimmtudaginn 10. maí 1860 kom kallið, og æfi hans var öll. Hann var ausinn moldu sunnud. næstan á eftir, og er gróf hans í einu horni protestantiska grafreitsins þar rétt fyrir utan borgina. Fáir voru viðstaddir greftranina, og útfararathöfnin var mjög óbrotin, að eins nokkur vers lesin úr Fjallræðunni. . . Að því búnu var gröfin fyllt og farið burt.

Grafarþankar.

Já, þið eruð hissa' að eg harma' ekki þann,
sem hvílir þar nár á fjöllum,
og að eg ei götva hvern einasta mann
með ekka og harmatölum.

En oftast mig skífta það engu eg læt,
þótt alfaðir missi sauði.—
Ef græt eg hinn látna, af að lifa eg græt,
því lífsins uppspretta' er dauði.

VÍÐAR.

Dr. Charles William Eliot.

Dr. Charles William Eliot, forseti Harvard háskólans er fæddur í Boston í Massachusetts 20. marz árið 1834. Hann er kominn af einni elztu ættinni og merkustu þar í landi. Langfeðgar hans allir, hver fram af öðrum, voru hámentaðir menn, og hafa jafnan staðið framarla í kyrkju og menntamálum landsins. Það var á landnáms tíð nýja Englands, að einn Eliotanna sneri biblíunni yfir á mállísku Indiánaflokks þess, er fyr meir bjó þar í landi, og er sú þýðing næstum þær einu menjar alls þess mikla tungumála bálks villimanna, er bjuggu í Austur-rikjunum.

Charles W. Eliot var mjög snemma settur til náms, og 19 ára gamall útskrifaðist hann frá Harvard, árið 1853. Síðan hefir hann verið sámdur doktorsnafnbót af ýmsum háskólum, enskum og amerískum.

Í fjögur ár, 1854—'58, var hann undirkennari í stærðfræði

og efnafræði við háskólann, og frá 1858—63 var hann aðstoðarprofessor í sömu greinum. Um þetta leyti kvongaðist hann, og tók þá köllun frá Mass. Institute of Technology sem professor í efnafræði (analytic Chemistry). Við þann skóla kenndi hann þar til 1869, að forsetasæti Harvard háskólans var autt, og honum var boðið að taka það. Því embætti hefir hann haldið síðan.

Fyrst framan af mætti hann megnri mótspyrnu frá hálfu samverkamanna sinna. Sumpart var það af öfundsýki, sumpart vegna þess, að þeir undu illa breytingum þeim, er gjörðar voru þá á stjórn skólans. Um leið og Eliot var skipaður forseti, voru allar deildir háskólans sameinaðar undir eina yfirstjórn, er hann var forseti yfir. Áður hafði það verið þannig, að forsetinn hafði



DR. CHARLES WILLIAM ELIOT

Ítið yfir öðru að segja en deild lærða skólans (College). Forseta var og einnig falið á hendur, að segja fyrir um alla tilhögun kennslunnar. Hann átti að hafa eftirlit með þöllu, en sjálfur hafði hann enga kennslu á hendi.

Skjótt, eftir að Eliot tók við stjórninni, voru ýmiskonar gömul ákvæði afnumin, er skólanum stóðu bæði fyrir álitni og þrifum. Það hafði verið mikið stríð með að skylda alla nemendur að ganga til bæna á hverjum morgni, og kyrkjuganga var heimtuð, en hann smá rýmkaði um það, unz hann afnam það algjörlega, að piltar væri skyldaðir til þess, fram yfir það, sem þeim bezt líkaði sjálfum. Hann tók og upp, að leyfa nemendum að velja um svo og svo margar greinar, án þess að vera skuldbundnir til að taka þær fram yfir það sem þeim sýndist. Og er nú komið svo, að hver einasta grein, sem kennd er, er kjörgrein í stað þess, að áður var allt skyldunám, og piltar höfðu um ekkert að velja. Ef inntökuskilyrðunum er fullnægt nú, þá má nemandinn velja sér sinn eigin veg gegnum skólann.

Þetta voru nýmæli mikil fyrst, er hann innleiddi þetta nýja fyrirkomulag. Og til þessa hefir það verið mikið deiluefni meðal fræðimanna, en þó hafa flestir orðið á eitt mál sáttir um ágæti þess.

Dr. Eliot hefir ekki skrifað margar bækur, en þrátt fyrir það er hann álitinn fremstur allra menntamálafræðimanna þessarar álfu. Hann hefir flutt fjölda fyrirlestra, og svo að segja hamrað skoðanir sínar inn í amerísku þjóðina.

Í öllum sínum opinberu ræðum segir hann mönnum hiklaust, að hann byggi allar sínar skoðanir í kennslumálum á trúarbrögðum sínum. Fyrirkomulag og kennsluáferð er sú, að lofa þeim, er komnir eru til vits og ára, að velja fyrir sig sjálfa. Og hann segir það bregðist sjaldan, að maðurinn velji það, sem bezt eigi við og honum sé fyrir-beztu; og gjöri hann það ekki, þá muni að minnsta kosti ekki aðrir gjöra það.

Þetta segir hann að veki hjá nemanda meðvitund fyrir ábyrgð, er hann verði sjálfur að bera, og um leið dragi fram það bezta, sem hjá honum býr. Ábyrgðarlausum og siðferðislausum skólakálfum hefir engin þjóð gagn eða gæfu af.

Hann segist þess vegna vilja lofa því góða í manninum að

ráða, og leggja rækt við það. Því gjörspillingu mannelegs eðlis — að ekkert gott sé til hjá nokkrum manni — sé vísindin fyrir löngu búin að hrekja og reka til baka í skaut móður sinnar, — orþódoxu kyrkjunnar.

Dr. Eliot hefir jafnan verið öruggur talsmaður unitarískra skoðana og látið sér mjög annat um velgengi þeirrar hreyfingar. Hann hefir sjálfur haldið ótal ræður um þau mál og jafnan verið boðinn og búinn að þera ábyrgðina.

Undir stjórn hans hefir háskólinn blómgastr ári frá ári. Á síðastliðnum fimm árum hafa mörg ný kennaraembætti verið skipuð og byggingar reistar, er alls nemur yfir 5 milljónir doll. — Það var og meðfram fyrir hans forsjá, að Vilhjálmur Þýskalands keisari gaf þangað safn af þýzkum listaverkum og leirsteypum, svo að listasafnið þar er með þeim auðugri í landinu.


Dr. Eliot hefir verið ásakaður um það, að hann drægi taum auðvaldsins á móti verkalýðnum, en sú ákæra á við ekkert að styðjast. Hann hefir látið í ljósi ótrú sína á ýmsum verkamanna félögum, er með ýmsum samþykktum sínum eru búin að taka svo algjörlega ráðin af einstaklingnum, að hann er orðinn í engu meira sjálfs sín ráðandi en vinnudýrið, sem beitt er fyrir plöginn. Það er sitt hvað, að halla á verkamanninn eða reyna að aftra því, að illa sé farið með hann af skrílhöfðingjum; en það er það verk, er hann hefir reynt að vinna. Máli verkamannsins og fátæklingsins hefir hann oft talað, og sagst vel.

Dr. Samuel Atkins Eliot.

Dr. Samuel Atkins Eliot er fæddur í Cambridge Mass. 24. ágúst 1862. Hann er sonur Charles W. Eliot forseta Harvard háskólans. — Hann útskrifaðist frá Harvard vorið 1884 úr vísinda og tungumála deildinni og innritaðist þá við guðfræðisskólann. Faðir hans, er jafnan hefir sýnt vakandi áhuga fyrir upp-

eldis og uppfærðslumálum, var þess mjög hvetjandi, að hann gjörðist prestur í Unitara kyrkjuni. Enda var yngri Eliot mjög vel til þess kjörinn, eins og seinni tíðin hefir sýnt.

Árið 1889 var honum veitt „Master of Arts“ nafnbót háskólans, og hafði hann þá lokið skólanámi nokkru áður. Vorið 1900 var hann sæmdur doctorsnafnbót Bowdoin háskólans.



DR. SAMUEL A. ELIOT

Strax og hann hafði lokið námi, tók hann vígslu í Boston og gjörðist missiðns prestur hins Ameríska Unitara félags. Í því umboði fór hann vestur á Kyrrahafs strönd. Hann settist að í Seattle Wash. og stofnaði unitaríska söfnuðinn, sem þar er. Þar var hann í 3 ár og fór aftur og fram um ríkið í missiðns erindum. Fyrir dugnað hans og frændfólks hans, er þar var fyrir, risu upp blómlegir söfnuðir til og frá meðfram ströndinni. 1889—'93 var hann þjónandi prestur við kyrkju

Unitara í Denver Colorado, en þá fluttist hann til Brooklyn N. Y. og þjónaði þar í 5 ár, til 1898.

Það vor var hann kjörinn skrifari Unitarafélagsins ameríska því það þótti enginn líklegri en hann, að taka við stöðu þeirri eftir mann þann, er þá var nýlátinn— séra T. B. Forbush, þess er studdi séra Björn heitinn Pétursson og séra Magn. J. Skaftason að myndun Unitara safnaðanna í Winnipeg og á Gimli.— Þá fylgdi og eftir skrifarastöðunni margfalt meira verk og ábyrgð en nú er. Meðan Dr. Eliot sinnti skrifarastörfunum, var Dr. Caroll D. Wright forseti félagsins. Þeir unnu með miklu fjöri og dugnaði að útbreiðslu kyrkjumálanna, og á tveimur árum hafði verksvið félagsins vaxið fullan helming.

Vorið 1900 sagði Dr. C. D. Wright af sér forsetastöðunni á 75 ára afmælishátíð félagsins og lagði til, að breyting yrði gjörð á stjórnarfyrríkomulaginu. Bæði var það, að hann gat ekki annast það verk áfram, þar sem hann hafði þá fyrir nokkru verið

útnefndur verkamálaráðherra í ráðaneyti Bandaríkjaforsetans — stöðu, er hann gegnir enn— og svo hitt, að hann kvaðst ekki hafa þá sérstöku þekkingu, er nauðsynleg væri forseta félagsins. Á þingi þessu var því Dr. Eliot kjörinn forseti, en séra Charles W. St. John, prestur frá Pittsburg Penna., settur skrifari í hans stað.

Samkvæmt breytingunni, er þá var gjörð. var hinum nýja forseta falið allt framkvæmdarvald á hendur fyrir félagið, og settur meðlimur allra millipinganeftnda, er kosnar eru. Forsetinn á og að sjá um öll miðsmál, og vinna þar að eins mikið, og tími leyfir. Hann er í einu orði biskup félagsins, ef hægt væri að brúka það orð um nokkurn mann innan Unitarakyrkjunnar.

Verksvið hans er afarstórt og óteljandi skyldur, er á honum hvíla. Unitarakyrkjan hefir nú breiðst yfir landið og undir hans stjórn hafa bæzt við um 100 nýjar kyrkjur og söfnuðir. Innitektir félagsins eru nú nær tvöfaldaðar við það, sem þær voru áður, og skólum hefir félagið fjölgað að mun. Þriðji prestaskólinn var stofnsettur, árið sem leið, vestur á Kyrrahafsströnd. Í ráði er og, að setja þann fjórða af stað í sambandi við Chicago háskólann.

Dr. Eliot er enn þá ungur maður og heill heilsu. Efalaust á hann eftir að gjöra stórmikið. Hann er mjög mannvænlegur maður að ásýndum, hár og þrekinn, djarfmannlegur í framkomu og þannig í viðmóti, að hann er manna líklegastur til, að reka hræsni og hleypidóma í felur. Hann er stór í lund, glaðlegur en yfirlætislaus, hagsýnn vel og kjörinn leiðtogi síns félagsskapar.



HEIMIR er gefinn út af nokkrum Íslendingum í Ameríku; kemur út 18 sinnum á ári og kostar \$1 árgangurinn. -- Í útgáfnefnd eru þessir menn: B. B. Olson, Gimli, Björn Pétursson, Fred. Swanson, Guðmundur Árnason, og Magnús Pétursson, Winnipeg. —

Ritstjóri stra Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Útanáskrift til ritstjórnar blaðsins er: **Heimir, 785 Notre Dame Ave. Winnipeg Man.**

Útsendingu og innheimtu Heimis annast Björn Pétursson, 555 Sargent Ave., og eru allir átsölumenn og kaupendur ritsins beðnir að snúa sér til hans því viðvikjandi.

Prentari: Gísli Jónsson, 656 Young st. Winnipeg Man.